

Reglur um nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar

1. Skólameistari ber ábyrgð á nemendagörðum/leiguhúsnæði á vegum skólans.
2. Markmið þessara reglna er að tryggja nemendum hvíldar- og vinnufrið.
3. Nemendur skulu halda herbergjum og sameiginlegum vistarverum hreinum og snyrtilegum og ganga vel um allt húsnæðið og lóð. Nánari reglur um þrif og umgengni fylgja leigusamningi.
4. Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna í húsnæði og á lóð nemendagarða er stranglega bönnuð. Brot á þessu ákvæði varða riftun leigusamnings og skal íbúi hafa átta daga til að flytja út eftir riftun samningsins.
5. Íbúar á nemendagörðum skulu láta umsjónarmann húsnæðis vita ef þeir þurfa að dvelja utan nemendagarða á tímum kl. 24:00 til 6:30 virka daga og kl. 02 til 6.30 föstudags- og laugardagskvöld.
6. Íbúar á nemendagörðum skulu af öryggisástæðum skrá sig á sérstakt eyðublað ef þeir fara í burtu um helgi eða yfir nótt og gefa þá upp bæði hvert þeir eru að fara og hvenær þeir komi til baka.
7. Gestir þurfa að vera komnir út úr húsnæðinu kl. 23:00 nema á föstudags- og laugardagskvöldum en þá er gestum heimilt að dvelja til kl. 01:00.
8. Íbúar og gestir skulu ávallt ganga hljóðlega um húsnæðið. Íbúar bera ábyrgð á sínum gestum. Allar þessar reglur gilda einnig fyrir gesti íbúa.
9. Herbergi og sameiginlegar vistarverur eru teknar út í upphafi leigutíma og við lok hans. Ástand húsnæðis og búnaðar er þá skráð og staðfest af leigutaka og leigusala.
10. Íbúar, eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri, eru fjárhagslega ábyrgir fyrir skemmdum sem þeir eða gestir þeirra valda á húsnæði eða munum á nemendagörðum.
11. Umsjónarmaður húsnæðis hefur eftirlit með að reglum þessum sé framfylgt.
12. Brjótí nemendur af sér skal umsjónarmaður tilkynna brotið til skólameistara. Viðurlög við brotum á reglum þessum eru áminning skólameistara. Þrjár áminningar leiða til riftunar á leigusamningi um húsnæðið. Brot ósjálfráða íbúa á reglum þessum skal tilkynna til foreldra/forráðamanna hans.

Búsetuþjónustan við Skúlagötu / Brákarbraut tekur að sér reglubundið eftirlit á nemendagörðum. Í eftirlitinu felst stutt eftirlitsferð í íbúðirnar á tímabilinu 22:30 – 23:00 alla daga þann tíma sem skóli stendur yfir.

Auk þess tekur Búsetuþjónustan að sér að vera á verði þannig að sé um hávaða eða ólæti að ræða, á hvaða tíma sólahrings sem er, þá sé skólameistara eða þeim sem hann tilnefnir gert viðvart.